

Innritun nýnema á starfsbraut Kvennaskólans

Innritun nýnema á starfsbraut Kvennaskólans haustið 2025 hefst 1. febrúar og stendur til 28. febrúar. Gott er að hafa í huga að nauðsynleg gögn fylgi með umsókn um námið. Hægt er að skanna þau inn og senda sem viðhengi með umsókninni.

Einnig þarf að gæta þess að hafa síma og netfang nemanda og foreldra/forráðamanna rétt skráð sem og nafn tengiliðar í skóla nemanda sem hægt væri að hafa samband við til þess að afla frekari upplýsinga um stöðu umsækjanda.

Hér er að finna svör við algengum spurningum:

- Klukkan hvað byrjar skólinn og hvenær lýkur skóladegi? Skóladagurinn okkar hefst kl. 08:30 og stendur til 12:40. Nú á vorönn 2025 höfum við haft íþróttir í síðasta tíma á mánudögum. Eru þá nemendur ekki búnir í skólanum fyrr en klukkan 14.15 (sjá glærusýningu frá opna húsinu).
- Hvernig er námið upp byggt hjá ykkur? Námið er bóklegt og kennum við út frá leiðsagnarnámi (e. formative assessment). Því eru engin lokapróf hjá okkur heldur lokaverkefni. Nemendur verða að hafa rafræn skilríki og vera það tölvufærir að þeir geti notast við kennslukerfið inna.is. Inna er svipað og ef Mentor og Google Classroom væru sett saman í eitt. Rafræn skilríki eru nauðsynleg fyrir nemendur svo þeir geti skráð sig inn á námskerfið og hlaðið inn Office-pakkanum í tölvuna sína.
- Get ég komið í heimsókn og fengið að skoða? Við verðum með opið hús þriðjudaginn 28. janúar milli kl. 14:00 og 16:00. Ef sá tími hentar ekki þá er velkomið að senda tölvupóst á Elísu Davíðsdóttur, deildarstjóra starfsbrautar, netfangið hennar er elisad@kvenno.is, og við finnum heppilegan tíma.
- Við hvetjum ykkur til þess að skoða félagslífið í Kvennaskólanum. Nemendafélagið Keðjan er á Instagram og auglýsir þar helstu viðburði sem nemendur geta sótt.